

Skipulags-, byggingar- og veitunefnd

Fundur – 16. maí 2011

Fundur haldinn í Skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar mánudaginn 16. maí 2011, kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Þórður Pálsson, formaður, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Þórður Pálsson.

Dagskrá:

Dagskrárliður 1

Endurauglýsing deiliskipulags á Sölvabakki-urðun og efnistaka

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir að deiliskipulag fyrir Sölvabakka verði endurauglýst skv. nýjum skipulagslögum (nr.123/210) vegna formgalla þar sem ekki hafði verið óskað eftir undanþágu um auglýsingu deiliskipulags á grundvelli svæðisskipulags. Þar sem um endurauglýsingu er að ræða og ekki voru gerðar athugasemdir við fyrri auglýsingu er ekki þörf á að kynna lýsingu, né halda kynningarfund, skv. 40. gr. laganna. Deiliskipulagið var vegna fyrri auglýsingar sent lögformlegum aðilum til umsagnar. Umsögn kom frá Fornleifavernd ríkisins þar sem ekki var gerð athugasemd við deiliskipulagið. Ekki barst umsögn frá Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra og Umhverfisstofnun en þær stofnanir höfðu gefið umsögn á fyrri skipulagsstigum.

Deiliskipulagsgögn hafa verið lagfærð m.t.t. umsagna Skipulagsstofnunar frá 14. maí 2010 og 29. sept. 2010.

Afgreiðsla:

Skipulags- og byggingarfulltrúa er hér með falið að ganga frá gögnum og endurauglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir urðunar- og efnistökusvæði við Sölvabakka.

Dagskrárliður 2.

Einar Kolbeinsson fyrir hönd Stíganda ehf., óskar eftir stöðuleyfi fyrir 10 feta gám með áföstu síló (spónsuga) að Hnjúkabyggð 31 Blönduósi. Gámnum hefur þegar verið komið fyrir á lóðinni.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt en umsækjanda bent á að sækja skal um leyfi áður framkvæmdir hefjast.

Dagskrárliður 3.

Höskuldur Birkir Erlingsson sækir um leyfi til að setja niður garðhús á fasteignina Mýrarbraut 24 Blönduósi (baklóð), húsið er bjálkahús 7,25 m². Meðfylgjandi er lýsing, myndir af húsinu og samþykki nágranna.

Afgreiðsla:

Erindið er samþykkt.

Dagskrárliður 4.

Lárus B. Jónsson fyrir hönd Blöndu ehf. sækir um lóðinna Brautarhvammur 20 undir 160m² hús undir gistirými og skilda starfsemi.

Afgreiðsla:

Nefndin getur ekki tekið afstöðu til erindisins fyrr en frekari gögn berast og skýringar á verkefninu.

Dagskrárliður 5.

Ágúst Sigurðsson kt. 050545-2969 Geitaskarði, óskar eftir leyfi fyrir að rífa eftirtaldar byggingar: Matshluti 04; fjós 185 m², matshluti 09; hlaða 158 m², matshluti 10; hlaða 206 m², matshluti 12; votheysturn 0 m², matshluti 15; haughús 137,6 m², matshluti 16; mjólkurhús/ fódurgeymsla 137,6m², matshluti 17; blásarahús/súgþurrkun 7m², matshluti 20; rafstöð/stífla 6,4m².

Afgreiðsla:

Beiðnin er samþykkt með fyrirvara um umsögn Húsafriðunarnefndar í samræmi við lög nr. 104/2001 og umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra í samræmi við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs (óvirkur úrgangur). Einnig þarf að liggja fyrir samþykki meðeiganda jarðarinnar og veðbandslausnir.

Dagskrárliður 6.

Æki ehf kt. 580900-2160 sækir um byggingarleyfi (breytt notkun á húsi) fyrir Blöndubýggð 9 Blönduósi. Samkvæmt umsókninni er fyrirhuguð starfsemi, rekstur á kaffi-bar á 1. hæð og eldhús og salerni fyrir gesti í kjallara. Teikningar eru meðfylgjandi.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt með fyrirvara um að aðalteikning verði í samræmi við byggingarreglugerð nr. 441/1998 hvað varðar kröfur um öryggis- (brunavarnir og flóttaleiðir) og heilbrigðismál (gr. 12.8). Eins og húsið er í dag uppfyllir það ekki allar gildandi kröfur um brunavarnir fjölbýlishúsa. Í samræmi við leiðbeiningar frá Mannvirkjastofnun leggur byggingarnefnd áherslu á eftirfarandi.

- Í húsinu séu virkir reykskynjarar á hverri hæð, staðsettir í námunda við stiga.
- Í húsinu verði handslökkvitæki (í kjallara og veitingasal) sem valin verði í samráði við slökkviliðsstjóra.
- Í húsinu sé „út og neyðarlýsing“.
- Flóttaleið úr kjallara verð hurð út á lóð (björgunarop eru um glugga). Stigi upp á 1. hæð er þröngur og brattur og telst því ekki flóttaleið.
- Sett verði hindrun í stiga upp á 2. hæð (ris), sem kemur í veg fyrir að gestir veitingahúsins fari þangað upp (brunavarnir ekki í lagi: hæðarskil, klæðningar, flóttaleið)
- Raflagnir hússins verði yfirfarnar og séu í samræmi við gildandi reglur.
- Í samræmi við leiðbeiningar frá Mannvirkjastofnun sem leggur auk þess áherslu á að við allar breytingar á húsnæðinu (þ.m.t. allt viðhald og endurnýjun) skuli þess gætt að breytingar miði að því að uppfylla ákvæði gildandi byggingarreglugerðar um fjölbýlishús þ.m.t. um brunamótstöðu milligólfa, brunaflokkun vegg og loftklæðninga, fyrirkomulag stiga, flóttaleiða og öryggisbúnaðar.

Dagskrárliður 7.

Elísabet Jónsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir bílskúr á fasteignina Mýrarbraut 15, Blönduósi., teikning er meðfylgjandi.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um að lóðin verði í samræmi við samþykktu aðalteikningu.

Dagskrárliður 8

Byggingarfulltrúi leggur fram lista yfir gáma í Blönduósbæ, á listanum eru einnig þeir staðir þar sem bæta þarf umgengni.

Afgreiðsla: Byggingarfulltrúa falið að senda viðkomandi bréf þar sem farið er fram á skýringar á gámum, númerslausum bílum og öðrum lausamunum.

Dagskrárliður 9

Byggingarfulltrúi leggur fram til kynningar lista yfir lóðasamninga og lóðablöð sem fyrir hugað er að gera á næstunni.

Dagskrárliður 10

Byggingarfulltrúi leggur fram bréf frá Guðmanni Jónassyni til bæjarstjóra um umferð um Ennisbraut og Norðurlandsveg.

Afgreiðsla: Nefndin tekur undir ábendingar Guðmanns og hvetur bæjarstjórn til að setja upp hraðahindranir og umferðarskilti þar sem þeirra er þörf. Bent skal á ekki hafa enn verið sett upp þau biðskyldu merki sem þegar eru samþykkt.

Dagskrárliður 11

Byggingarfulltrúi leggur fram tilboð frá Hreini Ingvarssyni um fasteignina Blöndubýggð 13.

Afgreiðsla: Nefndin fagnar því að komin sé hreyfing á þetta mál en tekur ekki afstöðu til tilboðsins að öðru leiti.

Dagskrárliður 12

Lárus B. Jónsson fyrir hönd Blöndu ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir 3 gáma á lóðinni Brautarhvammur 24, Blönduósi.

Afgreiðsla: Nefndin hafnar erindinu og ítrekar fyrri kröfur um að gámarnir verði fjarlægðir.

Dagskrárliður 13

Lárus B. Jónsson fyrir hönd Blöndu ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir 2 gáma á lóðinni Koppagata (gamla bakaríið).

Afgreiðsla: Erindinu er frestað.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið 19:01

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign)
Valgerður Gísladóttir (sign)
Stefán Árnason, byggingafulltrúi (sign)
Hilmar Þór Hilmarsson (sign)

Þórður Pálsson (sign)